

**Félag íslenskra listamanna í sviðslistum og kvikmyndum og
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
gera með sér svofelldan
kjarasamning um kaup og kjör
danshöfunda
við Þjóðleikhúsið**

1. RÁÐNING

1.1 Ráðning

1.1.1 Danshöfundur skal ráðinn með skriflegum ráðningarsamningi. Í ráðningarsamningi skal m.a. koma fram fyrirhugað æfingatímabil leikrits og frumsýningardagur.

1.1.2 Samið skal sérstaklega um launagreiðslur fyrir hvert leikrit með tilliti til þeirrar ábyrgðar og vinnu sem danshöfundur tekur að sér. Mat verkefnis annast Þjóðleikhússtjóri og danshöfundur að höfðu samráði við leikstjóra.

1.1.3 Danshöfundur skal fá afhent leikrit það sem hann er ráðinn til á sama tíma og aðrir listrænir stjórnendur verksins.

1.1.4 Danshöfundur skal eiga þess kost að velja sér hæfan aðstoðarmann eða útnefna danskaþein í viðameiri verkefni í samráði við leikhúsið enda hafi verið gert ráð fyrir því í upphafi eða önnur rök mæla sérstaklega með því.

1.2 Verksvið, ábyrgð og skyldur danshöfundar

1.2.1 Verksvið danshöfundar er:

1. Að vinna ásamt leikstjóra hina mótandi hugmyndavinnu sýningar.
2. Að vera viðstaddur og stýra dans- og leikprufum fyrir verkefnið eins og við á.
3. Að hafa umsjón og eftirlit með dönsum og sviðshreyfingum á æfingatíma.
4. Að taka þátt í leik-, ljósa- og búningaæfingum eins og þörf krefur og sitja fundi sem tengjast verkefninu.
5. Að fylgjast með sýningum á leikritinu og gefa nótur ef þarf án þess þó að höfundi sé skylt að vera viðstaddur hverja sýningu.

1.3 Höfundarréttur og önnur réttindi danshöfundar

1.3.1 Danshöfundur á höfundarrétt á verki sínu skv. almennum reglum um hugverkarétt og hefur Þjóðleikhúsið aðeins rétt til að sýna verk hans á leiksviðum þess og í kynningum svo og í leikferðum á þess vegum enda hafi verið haft fullt samráð við danshöfund með hvaða hætti það sé.

1.3.2 Þar sem aðstandenda viðkomandi sýningar er getið í kynningu eða auglýsingum Þjóðleikhússins, skal nafn danshöfundar koma fram, nema hann samþykki annað.

1.3.3 Þjóðleikhúsið skal láta danshöfundi í té góðar ljósmyndir af verkinu án endurgjalds. Hann skal auk þess eiga aðgang að myndbandsupptöku af dansatriðum, sé um slíkt að ræða.

1.4 Breytingar og eftirlit

1.4.1 Sé um að ræða verulega breytingu á forsendum eða tímasetningum verkefnis með stuttum fyrirvara skal semja sérstaklega um mögulega aukningu á vinnuframlagi sem slíkt kann að skapa.

1.4.2 Taki nýir leikarar eða dansarar við hlutverkum eftir frumsýningu skal hafa samráð við danshöfund. Semja skal sérstaklega um greiðslu ef þörf er á aukaeðingum með danshöfundi vegna þessa.

1.4.3 Fyrir vinnu við breytingar á dans- og sviðshreyfingum vegna leikferða eða flutningi á sýningu milli leiksviða, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í upphafi, skal semja sérstaklega við danshöfund.

1.4.4 Ef verk er tekið aftur til sýningar eftir nokkurt hlé og slíkt kallar á vinnu af hálfu danshöfundar, skal semja sérstaklega um greiðslu.

2. LAUNAGREIÐSLUR

2.1 Mánaðarlaun og launaprep

2.1.1 Mánaðarlaun danshöfundar skulu greidd samkvæmt neðangreindri launatöflu:

Frá 1. janúar 2022

Prep 1 kr. 460.206

Prep 2 kr. 473.708

Prep 3 kr. 487.751

Prep 4 kr. 502.355

Prep 5 kr. 517.543

Prep 6 kr. 533.340

Prep 7 kr. 549.768

Prep 8 kr. 566.802

2.1.2 Launataflan skiptist í 8 launaprep sem miðast við faglega reynslu:

1. prep byrjunarlaun
2. prep eftir 4 uppsetningar
3. prep eftir 7 uppsetningar
4. prep eftir 12 uppsetningar
5. prep eftir 18 uppsetningar
6. prep eftir 24 uppsetningar
7. prep eftir 30 uppsetningar
8. prep eftir 35 uppsetninga

2.1.3 Með faglegri reynslu er átt við tilgreindan fjölda verkefna við sviðslistastofnanir, í sjónvarpi eða kvikmyndum. Danshöfundur skal leggja fram fullnægjandi gögn til staðfestingar starfsreynslu sinni.

2.2 Mánaðafjöldi og tímakaup

2.2.1 Laun danshöfundar fyrir meðalverkefni skulu nema 5 mánaðarlaunum skv. gr. 2.1.1.

2.3 Dagvinnutímakaup

2.3.1 Dagvinnutímakaup skal reiknað sem 0,615% af mánaðarlaunum viðkomandi starfsmanns.

2.4 Yfirvinnukaup

2.4.1 Yfirvinnukaup skal reiknað sem 1,0385% af mánaðarlaunum viðkomandi starfsmanns.

2.5 Stórhátíðarkaup

2.5.1 Stórhátíðarkaup skal reiknað sem 1,375% af mánaðarlaunum viðkomandi starfsmanns.

2.6 Álag fyrir sérlega vandasama sýningu

2.6.1. Fyrir sérlega vandasama sýningu s.s. söngleiki, óperur og sýningar með hóp dansatriðum o.þ.h., skal greiða 25% álag á laun skv. 2.2.1.

2.7 Aðstoðarmaður danshöfundar/danskaþeinn

2.7.1 Laun aðstoðarmanns skulu nema 70% af launum danshöfundar skv. 2.1.1. Heimilt er að ráða aðstoðarmann tímabundið.

2.7.2 Sé starfsmaður sem tekur þátt í viðkomandi verkefni útnefndur danskaþeinn ber að greiða honum laun skv. stofnanasamningi Leikarafélags Íslands við Þjóðleikhúsið.

2.8 Aðstoð við sviðshreyfingar

2.8.1 Ef danshöfundur er ráðinn í afmarkað verkefni, s.s. til að útfæra atriði í sviðsverki eða veita leikstjóra ráðgjöf varðandi sviðsetningu skal samið um laun fyrir slíka vinnu.

2.9 Greiðsla fyrir sýningar/höfundarréttargreiðslur

2.9.1 Greitt skal fyrir sýningar 1,9% af mánaðarlaunum danshöfundar fyrir hverja sýningu umfram 8.

2.10 Gjaldldagi launa

2.10.1 Laun greiðast mánaðarlega eftir á, frá ráðningardegi eða skv. samkomulagi.

2.11 Veikindi, andlát eða hætt við verkefni

2.11.1 Verði danshöfundur veikur eða hann andast eftir að æfingar eru hafnar, á hann eða dánarbú hans rétt á að halda þeim launum sem fallin eru í gjalddaga. Veikist danshöfundur hins vegar eða hann andast svo nálægt frumsýningu að unnt sé að ljúka æfingum og frumsýna leikritið eftir hugmyndum hans, skal hann eða dánarbú hans eiga rétt á fullum launum.

3. ORLOFSFÉ

3.1 Orlofsfé

3.1.1 Greiða skal 13,04% orlofsfé á öll laun skv. samningi þessum.

3.1.2 Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2022 98.000 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2022 53.000 kr.

3.1.3 Hinn 1. júní ár hvert skal starfsmaður sem er í starfi til 30. apríl næsta ár á undan, fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Hafi starfsmaður látið af störfum á orlofsárinu vegna aldurs eða eftir a.m.k. 3 mánaða/13 vikna samfellt starf á orlofsárinu, skal hann fá greidda orlofsuppbót hlutfallslega miðað við unninn tíma og starfshlutfall. Sama gildir ef starfsmaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskylda stofnunar lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að 6 mánuðum. Orlofsuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins. Á orlofsuppbót reiknast ekki orlofsfé. Áunnin orlofsuppbót skal gerð upp samhliða starfslokum.

4. LÍFEYRISSJÓÐUR OG FÉLAGSGJALD

4.1 Lífeyrissjóður

4.1.1 Launagreiðandi greiðir 11,5% framlag af heildarlaunum danshöfundar skv. samningi þessum í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda eða annan lífeyrissjóð, sem danshöfundur á aðild að, á móti 4% iðgjaldi hans.

4.1.2 Nýti danshöfundur lögbundinn rétt sinn til séreignarsparnaðar, greiðir vinnuveitandi mótframlag til jafns á móti séreignarsparnaði danshöfundar, allt að 2%.

4.2 Félagsgjald

4.2.1 Launagreiðandi innheimtir félagsgjald af heildarlaunum félagsmanna skv. samningi þessum og stendur skil á því mánaðarlega til Félags íslenskra leikara.

5. ATVINNUREKENDAGJÖLD

5.1 Sjúkrasjóðsgjald

5.1.1 Launagreiðandi skal greiða mánaðarlega 1% af heildarlaunum félagsmanna skv. samningi þessum í Sjúkrasjóð BHM.

5.2 Orlofsfjárgjald

5.2.1 Launagreiðandi skal greiða mánaðarlega 0,25% af heildarlaunum félagsmanna skv. samningi þessum í orlofssjóð BHM.

5.3 Starfsmenntunarsjóður

5.3.1 Launagreiðandi skal greiða mánaðarlega 0,22% af heildarlaunum félagsmanna skv. samningi þessum í Starfsmenntunarsjóð BHM.

5.4 Starfsþróunarsetur háskólamanna

5.4.1 Launagreiðandi greiðir mánaðarlega framlag til Starfsþróunarseturs háskólamanna er nemi 0,7% af heildarlaunum félagsmanna.

6. SLYSATRYGGING

6.1 Slysatrygging

6.1.1 Ríkissjóður ábyrgist að danshöfundur sé tryggður vegna slysa sem hann kann að verða fyrir við störf sín fyrir Þjóðleikhúsið, þ. á m. vegna eigin gáleysis á æfingum að undanskildum slysum sem rekja má til neyslu vímugjafa. Um bótafjárhæðir og skilmála fer skv. ákvæðum í samningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Starfsgreinasambands Íslands á hverjum tíma.

7. FORGANGSRÉTTUR TIL STARFA

7.1 Forgangsréttur til starfa

7.1.1 Aðilar eru sammála um að dansarar sem eru félagsmenn í Félagi íslenskra listamanna í sviðslistum og kvikmyndum hafi alla jafna forgang að verkefnum í Þjóðleikhúsinu.

8. GILDISTÍMI

8.1 Gildistími og staðfesting samningsins

8.1.1 Samningur þessi gildir frá 13. maí 2022 til 31. mars 2023 en fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

8.1.2 Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 16.00 þann 20. maí 2022 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 13. maí 2022

F.h. samninganefndar ríkisins
með fyrirvara um samþykki
fjármála- og efnahagsráðherra

F.h. Félags íslenskra listamanna í sviðslistum
og kvikmyndum með fyrirvara um samþykki
deildar dansara og danshöfunda og
trúnaðarmannaráðs

Bókanir með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Félags íslenskra listamanna í sviðslistum og kvikmyndum
vegna danshöfunda við Þjóðleikhúsið

Bókun 1

Samningsaðilar eru sammála um að útbúa heildstæðan kjarasamning fyrir listræna stjórnendur sem eiga aðild að Félagi íslenskra leikara og starfa hjá Þjóðleikhúsinu. Sá samningur tæki við þegar þessi kjarasamningur fellur úr gildi.